



# Afkoma Stapa lífeyrissjóðs á árinu 2008

markast af þeim atburðum sem urðu á fjármálamörkuðum hér heima og erlendis. Sjóðurinn var í miklum og margháttuðum viðskiptum við viðskiptabankana þrjá sem félleu og fall þeirra hafði því umtalsverð áhrif á afkomu sjóðsins. Sjóðurinn hafði selt nær öll innlend hlutabréf fyrir fallið en átti stórar kröfur í formi skuldabréfa á bankana. Mikil óvissa ríkir um uppgjör þeirra svo og verðmæti skuldabréfa annarra aðila, sem bankahrunið hafði mikil áhrif á. Vegna þessarar óvissa hafa 11.464 milljónir króna verið færðar í varúðarskyni á afskriftarrekning eða sem svarar 12% af eignum og 40% af skuldabréfum. Hér er um varúðarfærslu að ræða en ekki endanlega afskrift. Þá var sjóðurinn með samninga um gjaldeyrisvarnir við bankana og hefur tap vegna þeirra verið fært í uppgjörið en óvissa ríkir um uppgjör samninganna.

Séreignardeild sjóðsins átti hvorki skuldabréf á innlenda banka eða fyrtækni né var með gjaldeyrisvarnir.

## Efnahagsreikningur í árslok

	2008	2007
Verðbréf með breytilegum tekjum	30.528	48.664
Verðbréf með föstum tekjum	40.877	40.118
Veðlán	1.221	1.237
Bankainnstæður	26.771	1.323
Fasteignir	73	100
Kröfur	1.976	671
Skuldir	-5.702	-123
Hrein eign til greiðslu lífeyris	95.744	91.990
Hrein eign Tryggingadeilda	92.259	89.384
Hrein eign Séreignardeilda	3.485	2.606
	95.744	91.990

## Breytingar á hreinni eign

	2008	2007
Iögiöld	4.997	5.468
Lífeyrir	-2.162	-2.014
Fjárfestingartekjur	1.057	4.819
Fjárfestingargjöld	-53	-59
Rekstrarkostnaður	-84	-114
Hækkun á hreinni eign	3.754	8.100
Hrein eign frá fyrra ári	91.990	83.890
Hrein eign til geiðslu lífeyris	<b>95.744</b>	<b>91.990</b>

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða sjóðsins skv. tryggingafræðilegri úttekt er neikvæð um 6,9% í árslok 2008. Þar sem staðan er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um þarf ekki að koma til skerðingar á réttindum sjóðfélaga á árinu.

## Ársfundur Stapa

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn  
**28. maí kl. 14:00 á Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit.**

## Kennitölur

Tryggingadeild	2008	2007
Nafnávöxtun	0,2%	5,3%
Raunávöxtun	-13,9%	-0,6%
Raunávöxtun 5 ára	3,7%	8,7%
Raunávöxtun 10 ára	3,6%	6,2%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,08%	0,12%
Fjöldi sjóðfélaga	19.165	21.298
Fjöldi launagreiðenda	2.566	2.896
Fjöldi lífeyrisþega	6.555	6.194
Stöðugildi	10,3	11,6
Lífeyrir í % af iöggjöldum	44,1%	37,5%

## Séreignardeild

Séreignardeild	2008	2007
<b>Safn 1</b>		
Nafnávöxtun	26,2%	12,9%
Raunávöxtun	8,5%	6,7%
<b>Safn 2</b>		
Nafnávöxtun	27,0%	11,5%
Raunávöxtun	9,1%	5,3%
<b>Safn 3</b>		
Nafnávöxtun	24,9%	
Raunávöxtun	7,4%	

## Stjórn Stapa lífeyrissjóðs:

Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður, Sigurður Hólm Freysson varaformaður, Aðalsteinn Árni Baldursson, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna María Kristinsdóttir, Björn Snæbjörnsson.  
Framkvæmdastjóri er Kári Arnór Kárason.